



FUNDARGERÐ
11. fundur Odda bs
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , mánudaginn 22. maí 2023
og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Ísleifur Jónasson, Valtýr Valtýsson og Jón G. Valgeirsson.

Fundargerð ritaði: Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

Á vorfund Odda bs. mæta einnig:

Sigrún B. Benediktsdóttir embættismaður
Ingigerður Stefánsdóttir embættismaður
Kristín Sigfúsdóttir embættismaður
Yngvi Karl Jónsson embættismaður
Guðmundur Bragason áheyrnarfulltrúi
Hjördís Pétursdóttir áheyrnarfulltrúi
Inga Lára Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi
Hrafnhildur Andrésdóttir áheyrnarfulltrúi
Ragnar Jóhannsson áheyrnarfulltrúi
Guðbjörg Matthíasdóttir áheyrnarfulltrúi
Bæring Jón B. Guðmundsson áheyrnarfulltrúi

Dagskrá:

1. Ársskýrslur skólanna 2022-2023 - 2305021

Kynning skólastjóra Odda bs. á verkefnum síðasta skólaárs og starfsáæltun næsta skólaárs.

Skólastjórar kynntu ársskýrslu hvers skóla fyrir sig.

Lagt til að vorfundur Odda bs staðfesti skýrslur skólastjóranna.

Vorfundur Odda bs vill færa skólastjórnendum og starfsfólki þakkir fyrir góð störf á skólaárinu.

Samþykkt samhljóða.

2. Skóladagtöl 2023-2024 - 2304063

Tillögur að skóladagatölum

Lögð fram til staðfestingar skóladagatöl allra skólanna. Lagt hefur verið upp með að samræma starfsdaga innan skólahverfa eins og mögulegt er í samræmi við ákvæði í skólastefnu Odda bs.

Lagt er til að hafa leikskóla lokaða milli jóla og nýars skólaárið 2023-2024 til m.a. að

ES llhc

llhc

bregðast við styttingu vinnutíma/orlofstöku starfsmanna, en þessir dagar hafa verið lítið nýttir af foreldrum. Leikskólagjöld yrðu á móti felld niður vegna þessa daga.

Lagt er til að vorkundur Odda bs staðfesti skóladagatölin fyrir skólaárið 2023-2024.

Tillögurnar samþykktar samhljóða og áhersla lögð á að kynna vel lokun leikskóla milli jóla og nýárs.

3. Endurskoðun skólastefnu Odda bs. - 2303028

Rætt var um hvort það þyrfti að fara í endurskoðun á skólastefnu Odda bs. 2021-2023.

Lagt er til að skólastefnan verði framlengd um tvö ár þar sem ekki er talin þörf á að breyta núgildandi skólastefnu.


Samþykkt samhljóða.


Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00.



Margrét Harpa Guðsteinsdóttir



Eggert Valur Guðmundsson



Ingvar Pétur Guðbjörnsson


Ísleifur Jónasson


Svanþrúður Benediktsson


Unnur K. Jónsson


Ingigerður Erlausdóttir


Stefánbjörg Aneirosdóttir